

Unga fólkið - Hvernig við getum best hjálpað þeim

Til : Rannveig Einarsdóttir
Frá : Birna Guðmundsdóttir - VINNU <birna.gudmundsdottir@vmst.is>
Heiti : Unga fólkið - Hvernig við getum best hjálpað þeim
Málsnúmer : 0912025
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 19.02.2021 09:19:30
Höfundur : Birna Guðmundsdóttir - VINNU <birna.gudmundsdottir@vmst.is>

Viðhengi [image003.jpg](#)
[image002.jpg](#)

Sæl Rannveig,

Á fundinum hjá Fjölskylduráði kom spurning um hvernig við getum best hjálpað unga fólkinu sem er í atvinnuleit. Eftirfarandi svör fékk ég hjá mínu besta fólki í ráðgjöf.

Bestu kveðjur, Birna

There are two types of data 0/1

Frá: Margrét Linda Ásgrímsdóttir - VINNU
Sent: fimmtudagur, 18. febrúar 2021 17:36
Til: Birna Guðmundsdóttir - VINNU
Efni: RE: Unga fólkið - Hvernig við getum best hjálpað þeim

Sæl Birna.

Þjónusta okkar við unga atvinnuleitendur (sem eiga bótarétt) er misjöfn eftir því hversu lengi fólk hefur verið á skrá og hvaða menntun það hefur. Eins og allir vita höfum við ekki getað tekið fólk inn til okkar og höfum því verið að gera okkar besta í fjarráðgjöf. Þetta er svona það helsta sem er í boði um þessar mundir:

- **Vinnumiðlun er í forgangi** hvað alla hópa varðar og við sendum ferilskrár vegna starfa við hæfi (oftast í samræmi við óskastörf eða fyrri starfreynslu) til atvinnuleitenda sem óska eftir fólki í vinnu sem er á skrá hjá VMST.
- Öllum gefst kostur á að fá **símtal eða teams viðtal hjá ráðgjafa**.
- Öllum gefst tækifæri til að fara á **starfsleitar - og sjálfstyrkingarnámskeið** á okkar vegum, þeim að kostnaðarlausu, sjá þennan hlekk: <https://vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/starfsthjalfun-og-nam>
- Þeir sem eru búnir að vera 6 mán + gafst tækifæri á að fara í fullt nám á vorönn (ákveðnar námsbrautir) í gegnum **Nám er tækifæri**. Hringt var í fólk s.l. haust og það hvatt til að nýta sér þetta tækifæri.
- Þeir sem hafa einungis grunnmenntun býðst að fara á misjafnlega löng **námskeið hjá miðstöðvum símenntunar** (Mímir, Framvegis), t.d Færni í ferðaþjónustu, Skrifstofuskólann o.fl. vottaðar námsleiðir.
- Ef fólk hefur áhuga á námskeiðum sem eru ekki á okkar vegum getur það sótt um **námsstyrk** (að hámarki 80.000 kr á ári).
- Við bjóðum fólki sem á við kvíða eða þunglyndi að stríða upp á rafræna sálfræðiþjónustu hjá **minlidan.is**
- Þeim sem eru búnir að vera lengur en ca. 8 mánuði samfelld á skrá og eru einungis með grunnmenntun fá gott utanumhald, **hringt er reglulega í þá og staðan tekin**.

Vona að þetta komi að gagni. Ekki hika við að hafa samband við mig ef þú vilt fá nánari upplýsingar.



Með kveðju | Best regards,
Margrét Linda Ásgrímsdóttir
Deildarstjóri - ráðgjafar- og vinnumiðlunarsvið



Vinnumálastofnun | Directorate of Labour
Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími: 515-4800

From: Birna Guðmundsdóttir - VINNU <birna.gudmundsdottir@vmst.is>

Sent: fimmtudagur, 18. febrúar 2021 12:48

To: Margrét Linda Ásgrímsdóttir - VINNU <margret.l.asgrimsdottir@vmst.is>

Subject: Unga fólkið - Hvernig við getum best hjálpað þeim

Sæl Margrét,

Ég var á fundi hjá Fjölskylduráði Hafnarfjarðar og þar komu fram spurningar vegna unga fólksins sem er á skrá. Þau spurðu hvernig þau gætu best hjálpað þeim, hvað við værum að bjóða.

Ég sagði þeim eins mikið og ég hafði vit til, en vil spyrja mér gáfaðra og reyndara fólk.

Hvað get ég sagt þeim á hnitmiðaðan og góðan hátt hvað við gerum best fyrir ungt fólk á skrá?



Með kveðju | Best regards,
Birna Guðmundsdóttir
Deildarstjóri Gagnagreininga
Manager of Data Analytics



Vinnumálastofnun | Directorate of Labour
Kringlan 1, 103 Reykjavík Sími: 515 4800